# 30 Nóttin var sú ágæt ein

## Kvæði af stallinum Kristí

Bókstafshljómar ekki eins og í sálmabók




5. Þér gjöri' eg ei rúm með grjót né tré,
gjarnan læt ég hitt í té,
vil ég mitt hjartað vaggan sé,
vertu nú hér, minn kæri.
:/: Með vísnasöng ég vögguna þína hræri. :/:

6. Umbúð verður engin hér
önnur en sú þú færðir mér,
hreina trúna að höfði þér
fyrir' hægan koddann færi.
:/: Með vísnasöng ég vögguna þína hræri. :/:

7. Á þig breiðist elskan sæt,
af öllum huga' eg syndir græt,
fyrir' iðran verður hún mjúk og mæt,
miður en þér þó bæri.
:/: Með vísnasöng ég vögguna þína hræri. :/:

**T** Einar Sigurðsson í Heydölum – Vísnabókin 1612 – Sb. 1945
**L** Sigvaldi Kaldalóns, 1941 – Vb. 1946
**R** Sigvaldi Kaldalóns

Ný sálmasöngsbók © Skálholtsútgáfan, 2023